

1245. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 8. mars 2023, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfsdóttir, Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Arnþór Sigurðsson, varamaður í stjórn.

Gestir fundarins: Sigríður Helga Sveinsdóttir, endurskoðandi frá KPMG, og Pálína Vagnsdóttir og Sveinn Enok Jóhannsson, félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga VR.

Næsti fundur: 12. apríl 2023.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1244. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1244. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Skýrsla KPMG um endurskoðun á ársreikningi VR 2022

Fyrir fundinum liggur skjalið „Endurskoðunarskýrsla VR 2022“ til kynningar.

Sigríður Helga Sveinsdóttir, endurskoðandi frá KPMG, fór yfir endurskoðun reikninga 2022 í kynningu sem lá fyrir fundinum. Sigríður fór yfir markmið með endurskoðuninni sem er að veita óháð álit á reikningnum og staðfesta að skýrsla stjórnar uppfylli kröfur laga. Endurskoðunin var unnin í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun. Mismunum eða skekkjum sem koma fram við endurskoðunina sé safnað á sérstaka lista.

Sigríður fór yfir helstu niðurstöður og sagði að enginn mismunur hafi komið fram við endurskoðunina. Sigríður sagði að við endurskoðunina væri lagt mat á reikningssskilaaðferðir, reikningshaldslegt mat og upplýsingar í ársreikningi og væru þær almennt viðeigandi. Farið var yfir reikningshaldslegt mat stjórnenda og helstu þættir þess taldir viðeigandi og matið almennt varkárt.

Hvað varðar verulega áhættu voru engar færslur sem féllu undir þá skilgreiningu. Endurskoðunin leiddi ekki í ljós skekkjur vegna rekstrartekna né varðandi verðbréf og fjármunatekjur en verðbréfaeign félagsins var staðfest með því að kalla eftir staðfestingum frá vörsluaðilum bréfanna, að sögn Sigríðar. Prófuð var virkni eftirlitsþátta vegna úthlutunar á bótum og styrkjum úr Sjúkrasjóði VR og VR varasjóði og yfirfarin gögn vegna gjaldfærðra bóta og styrkja í ársreikningi 2022. Endurskoðunaraðgerðir leiddu hvorki í ljós skekkjur né verulega veikleika í innra eftirliti.

Varðandi aðgreiningu starfa var lögð til uppfærsla aðgangsheimilda til að viðhöfð sé viðeigandi aðgreining starfa.

Ársreikningur var áritaður án fyrirvara.

Umræður

3. Skýrsla félagslegra kjörinna skoðunarmanna

Fyrir fundinum lá skjalið „Félagslega kjörnir skoðunarmenn skýrsla til stjórnar VR 2023“ til kynningar.

Pálína Vagnsdóttir og Sveinn Enok Jóhannsson, félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga VR, fóru yfir skýrsluna. Pálína fór yfir hlutverk félagslegra kjörinna skoðunarmanna sem skulu fylgjast með því að farið hafi verið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði í rekstri félagsins á reikningsárinu. Skoðunarmenn höfðu aðgang að One skjalavistunarkerfi, funduðu með framkvæmdastjóra og starfsfólki félagsins, fóru yfir fundargerðir stjórnar og aðalfundar, drög að ársreikningi og fleiri gögn. Þá var haldinn fundur með endurskoðanda.

Skoðunarmenn skiluðu til framkvæmdastjóra um 120 spurningum sem framkvæmdastjóri og starfsfólk félagsins svöruðu. Pálína og Sveinn fóru því næst yfir nokkur dæmi um spurningar. Ábendingar frá skoðunarmönnum sneru m.a. að stofnun ungmennaráðs, að halda betur utan um erlent félagsfólk og að farið verði yfir siðareglur stjórnar varðandi framboðsmál. Jafnframt kom ábending frá skoðunarmönnum um samanburð við önnur félög og hugmynd að ánægjuvög VR svo eitthvað sé nefnt.

Skoðunarmenn fóru yfir fundi, mætingu og nefndir. Stjórn félagsins fundaði alls 17 sinnum. Nefndir á vegum félagsins eru 9 talsins og stjórnir, ráð og sjóðir 4.

Skoðunarmenn komu á framfæri hrósi, m.a. til stjórnar sjúkrasjóðs vegna kostnaðaráætlana sjóðsins, til formanns og stjórnar fyrir að styðja vel við trúnaðarmann Eflingar og annað starfsfólk þess félags, til markaðsdeildar VR og auglýsingastofu vegna auglýsingaherferðar, til tiltekinna stjórnarmanna vegna framlaga þeirra og tillagna og til formanns, stjórnar, framkvæmdastjóra og starfsfólks fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Pálína færði formanni, stjórn og framkvæmdastjóra þakkir fyrir samstarfið en þetta var hennar síðasta ár sem skoðunamaður reikninga félagsins.

Umræður

Að loknum umræðum þakkaði Ragnar Þór skoðunarmönnum fyrir þeirra góðu störf.

4. Ársreikningur 2022

Fyrir fundinum lágu skjölin „Ársreikningur 2022 kynning“, „Ársreikningur 2022“, „Ársreikningur 2022 samanburður við áætlun“ og „Lykiltölur árið 2022“ til umræðu og samþykktar.

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, fór yfir lykiltölur og ársreikninginn á glærum. Í máli hans kom fram að félagsfólki fjölgaði um 5,5% á milli ára, voru 38.883 að meðaltali á árinu. Afgreiðslum fjölgaði á milli ára um þriðjung, sem rekja má til lokana vegna Covid-19 á árinu 2021. Kjaramálum kjaramálasvið fjölgaði um tæplega fjórðung á milli ára. Ánægjulegt er að meðalfjöldi atvinnuleitenda í félaginu (án hlutabóta) helmingaðist á milli ára og fækkaði enn á fyrstu árum 2023.

Stefán fór því næst yfir helstu tölur ársreiknings 2022. Rekstrartekjur félagsins hækkuðu um 698 m.kr. á milli ára eða 15,2% en rekstrargjöld um 337 m.kr. sem er 7,6% hækkun. Niðurstaða án fjármagnsliða var jákvæð um 514 m.kr. á árinu 2022 og hefur batnað frá árinu 2019 um 724 m.kr. Tekjur til ráðstöfunar voru hins vegar neikvæðar um 59 m.kr. á árinu.

Ef litið er til afkomu Sjúkrasjóðs VR sést að dagpeningar og styrkir hækkuðu um 25,4%. Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum sjóðsins eru 75,6% sem er 5,5% hækkun á milli ára. Hvað varðar Orlofssjóð vekur athygli að sala gjafabréfa jókst um 151,9% á milli ára en að sala í veiði- og útilegukortum dróst umtalsvert saman á sama tíma.

Ávöxtun verðbréfasafna félagsins á árinu 2022 var neikvæð, raunávöxtun lækkaði á milli ára úr 4,6% í -11,9%. Fimm ára meðalnafnávöxtun er jákvæð um 5,82%. Eignir félagsins hafa aukist úr 11,1 ma.kr. á árinu 2016 í 16,1 ma.kr. árið 2022 sem er 45% hækkun. Eigið fé lækkað í ársbyrjun um 2,1 ma.kr. vegna skuldbindingar VR varasjóðs við félagsfólk eða sem nemur 13% lækkun á eiginfjárhlutfalli. Eiginfjárhlutfall í árslok 2022 var 83%.

Breytingar voru gerðar á framsetningu VR varasjóðs og er skuldbinding sjóðsins vegna sérgreindra réttindainneigna félagsfólks í árslok, sem áður var getið í skýringum, nú færð í fyrsta sinn sem skuldbinding í efnahagsreikning. Greiðslur til félagsfólks sem áður voru flokkaðar sem rekstrargjöld hjá VR varasjóði eru nú færðar til lækkunar á skuldbindingunni. Framlög og fyrningar réttinda samkvæmt reglugerð um VR varasjóð er fært til gjalda og hækkunar á skuldindingunni.

Þá kynnti Stefán tillögu að framlagi í VR varasjóð, sem lagt verður fyrir aðalfund, alls 905 m.kr. en það var 805 m.kr. á síðasta ári. Tillagan er í samræmi við samþykktu starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar árið 2023.

Umræður

Að umræðum loknum var ársreikningurinn lagður fyrir stjórn.

Samþykkt samhljóða.

Sigríður Helga Sveinsdóttir yfirgaf fundinn um kl. 18:45 og Pálína Vagnsdóttir og Sveinn Enok Jóhannsson um 19:15.

5. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði frá því að verbólgunefndin, sem skipuð var í kjölfar kjarasamninga til að fylgjast með framvindu efnahagsmála og verðlags, hafi fundað tvívegis nýlega en nefndinni er ætlað að funda þegar nýjustu tölur um vísitölu neysluverðs hafa verið birtar. Hann skýrði frá því að SGS væri komið með fulltrúa í nefndina en fyrir sátu fulltrúar verslunarfólks, iðn- og tæknifólks og atvinnurekenda. Rætt hefur verið um aðgerðir til að ná utan um stöðuna, verðbólguhorfur hafi versnað frá undirritun samninga.

Fyrirhugaður er fundur með stjórnvöldum, sagði Ragnar Þór, en fundað hefur verið með forstjóra Haga, fulltrúum Betri samgangna sem hafa yfirráð yfir Keldnaholtislandi og Arion banka sem á Blikastaðalandið. Ragnar Þór ræddi stöðuna á húsnæðismarkaði og sagði hvorki stöðuna né horfur góðar. Verkefnið væru krefjandi en ekki óyffirstíganleg, ekki væri hægt að bíða fram í janúar þegar samningar eru lausir.

Vinna við næstu kjarasamninga er þegar hafin, til að mynda viðræður um vinnutíma. Formenn stærstu félaga og landssambanda innan ASÍ hafa fundað og rætt stöðuna, sagði Ragnar Þór. Hann sagði að unnið yrði að því að verslunarfólk, SGS og iðn- og tæknifólk færi saman í næstu kjaraviðræður og kvaðst hann vonast til að Efling kæmi þar inn einnig. Næstu skref væru að þetta hópinn og kalla eftir tafarlausum aðgerðum.

Umræður

Ragnar óskar eftir heimild til að lengja fundinn til kl. 21:30.

Samþykkt.

6. Aðalfundur VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „Aðalfundur VR 2023 minnisblað“, „Tillaga að breytingu á reglugerð Sjúkrasjóðs v. dánarbóta barna“, Tillögur að lagabreytingum fyrir aðalfund 2023“, „Tillaga að stjórnarlaunum VR 2023-2024“, „Niðurstöður í könnun meðal

stjórnarfólks um tíma til stjórnarstarfa“ og „Gullmerki tillaga að Júnú og Fríðu“ til kynningar og afgreiðslu.

Stefán fór yfir tillögur stjórnar vegna tilhögunar aðalfundar en farið var yfir þær og þær samþykktar á fundi stjórnar þann 8. febrúar sl. Sjá fundargerð.

Aðalfundur VR verður haldinn miðvikudaginn 29. mars næstkomandi á Grand hóteli og hefst hann kl. 19:30. Sjá skjal í málinu „Aðalfundur VR 2023 minnisblað“.

Umræður

Stefán fór yfir tillögur að lagabreytingum sem lagðar verða fyrir aðalfund, „Tillögur að lagabreytingum fyrir aðalfund 2023“, en farið var ítarlega yfir þær á fundi stjórnar þann 8. júní 2022. Gerðar voru tillögur að breytingum sem farið var yfir á fundi stjórnar þann 8. febrúar 2023 þar sem aftur var farið ítarlega yfir þær. Sjá fundargerðir frá fundi stjórnar þann 8. júní 2022 og þann 8. febrúar 2023.

Umræður

Tillögur að lagabreytingum lagðar fyrir. Í fundargerð stjórnar frá 8. febrúar 2023 er gerð grein fyrir breytingum á 12. gr. 8 mgr. Störf stjórnar sem snýr að vali á framkvæmdastjóra, og gr. 20.4 Um kjörseðla sem snýr að röðun á atkvæðaseðil í formanns- og stjórnarkosninum. Ekki var um frekari breytingar að ræða frá tillögum sem kynntar voru 8. febrúar.

Samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Lögð var fyrir fundinn tillaga frá launanefnd að stjórnarlaunum. Sigríður Lovísa Jónsdóttir, formaður launanefndar, kynnti tillögu að breytingu á stjórnarlaunum á fundi 8. febrúar en þá var samþykkt að gerð yrði könnun meðal stjórnarfólks um hversu mikill tími færi í fundarsetu og undirbúning og önnur störf í þágu félagsins. Niðurstöður þeirrar könnunar eru í máli fundarins. Launanefnd leggur nú að nýju fyrir tillögu að stjórnarlaunum.

Í tillögunni nú er gert ráð fyrir að stjórnarlaun miði við meðalgrunnlaun hjá VR. Þá er gert ráð fyrir að stjórnarfólk fari að jafnaði með 12 tíma í stjórnarstörf á mánuði og að 97% þess tíma sé í eftirvinnu.

Tillaga að stjórnarlaunum er því alls kr. 74.993 á mánuði. Auk þess er gert ráð fyrir að greitt sér sérstaklega fyrir nefndarsetu, en áætlað er að þrjú tímar fari að jafnaði í nefndarsetu á mánuði. Launanefnd telur rétt að nefndarlaun verði greidd sem eftirvinna af meðallaunum VR félaga. Því er tillaga að nefndarlaunum fyrir hvern nefndarfund kr. 6.294.

Tillaga launanefndar er því sem hér segir:

„Aðalfundur VR, haldinn á Grand hóteli Reykjavík miðvikudaginn 29. mars 2023, samþykkir að stjórnarlaun verði 74.993 kr. á mánuði fyrir komandi starfsár stjórnar. Varamenn fái sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei meira en sem nemur einum stjórnarlaunum. Tillaga að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður Orlofsstjórnar VR og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði eins og verið hefur. Auk þess fá stjórnarmenn og varastjórnarmenn 6.294 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund í nefndum á vegum VR.

VR greiðir ferðakostnað til Reykjavíkur vegna stjórnarfunda stjórnarmanna VR sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.“

Umræður

Tillagan er lögð fyrir fundinn og samþykkt með meirihluta atkvæða.

Mótatkvæði Þorvarðar Bergmanns Kjartanssonar bókað.

Mótatkvæði Jónasar Yngva Ásgrímssonar bókað.

Fyrir fundinum lá skjalið „Gullmerki tillaga að Júnú og Fríðu“ þar sem farið er yfir reglur varðandi heiðursfélaga og veitingu gullmerkis. Lagt er til að gullmerki 2023 verði veitt systrunum Júníu og Málfríði Þorkelsdætrum sem störfuðu á skrifstofu VR á Akranesi samfellt frá því Verslunarmannafélag Akraness sameinaðist VR árið 2002. Þær störfuðu báða hjá Verslunarmannafélagi Akraness fyrir sameininguna, Júnía var formaður félagsins frá 1991.

Tillagan lögð fyrir fundinn.

Samþykkt samhljóða.

Selma Björk Grétarsdóttir fór af fundi kl. 20:45.

7. Samkomulag við SVP um sí- og endurmenntun

Fyrir fundinum lá skjalið „Samstarfssamningur VR og SVP um aukna hæfni í verslun og þjónustu“ til kynningar og afgreiðslu.

Stefán skýrði frá því að Samtök verslunar og þjónustu (SVP) hafi haft samband við VR með samstarf í huga um að auka hæfni starfsfólks í verslun og þjónustu. Vísað er í nýja skýrslu McKinsey & Company, *Transforming the EU Retail and Wholesale Sector* sem unnin var fyrir EuroCommerce sem eru samtök verslunar og þjónustu í Evrópu. Í skýrslunni er lögð áhersla á þr nokkra, m.a. færni þar sem vísað er í að breyting á störfum kalli á nýja færni sem mikilvægt sé að bregðast við.

Í smásölugeiranum í Evrópu starfa um 26 milljónir eða 13% af vinnuafli í löndum ESB, að því er fram kemur í skýrslu McKinsey. Í skýrslunni segir að til að mæta áskorunum framundan muni þurfa að þjálfa allt að 13 milljónir starfsfólks (það er 50% af núverandi fjölda) og ráða allt að 1,5 milljón nýtt starfsfólki, á hverju ári fram til ársins 2030.

Í drögum að samstarfssamningi VR og SVP, sem kynnt voru stjórnarfólki, eru sett fram markmið til ársins 2030. Meðal annars er stefnt að því að 80% af starfsfólki í verslun og þjónustu vinni að aukinni hæfni með stöðugri sí- og endurmenntun, að 80% starfsfólks með íslensku sem annað tungumál búi að lágmarki yfir hæfni sem metin er sem B1 samkvæmt viðmiðum Evrópska tungumálarammans og að verslun og þjónusta þrói og skilgreini aðferð sem leiði af sér viðurkenningu/vottun á gefnum markmiðum samningsins.

Stefnt er að því að samningurinn verði undirritaður þann 16. mars næstkomandi.

Umræður

Drög að samningi lögð fyrir fundinn.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Verklag við ráðningu framkvæmdastjóra VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Verklag við ráðningu framkvæmdastjóra VR – drög til stjórnar VR 8 mars 2023“ til umfjöllunar og afgreiðslu.

Á stjórnarfundum VR þann 8. júní 2022 var samþykkt tillaga að lagabreytingu þar sem kveðið er á um að stjórn sé ekki heimilt að ráða formann sem framkvæmdastjóra félagsins. Í kjölfarið fól stjórn launanefnd að koma með tillögu til stjórnar að verklagi við ráðningu á framkvæmdastjóra.

Í tillögunni, sem kynnt var á fundi 8. Febrúar, er m.a. lagt til ferli við ráðningu framkvæmdastjóra og skilgreint hlutverk launanefndar og stjórnar. Í umræðum var samþykkt að málið myndi liggja milli funda og að launanefnd myndi vinna frekari tillögur sem lagðar yrðu fyrir fund í mars. Þær tillögur liggja nú fyrir.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Bjarni Þór Sigurðsson úr launanefnd VR kynntu tillögurnar stuttlega. Breytingar frá fyrri tillögu gera ráð fyrir aukinni aðkomu stjórnar, að ábyrgð ráðningar liggja hjá stjórn en vinnsla sé á hendi launanefndar. Sjá einnig fundargerð frá fundi 8. febrúar 2023.

Umræður

Tillögurnar lagðar fyrir fundinn.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Umboð vegna leiðréttingar á eignarhaldi á Austurvegi 56, Selfossi

Fyrir fundinum lá skjalið „Austurvegur 56 Selfossi minnisblað“ til umræðu og afgreiðslu.

Stefán Sveinbjörnsson reifaði innihald minnisblaðsins. Þar kemur m.a. fram að mistök hafi verið gerð hjá sýslumanni þegar breyta þurfti eignarhaldi á fasteignum Verslunarmannafélags Suðurlands (VMS) þegar það sameinaðist VR árið 2017. Eign í skrifstofuhúsnæði að Austurvegi 56 Selfossi var ranglega skráð í þinglýsingabækur sýslumanns.

Óskað var eftir heimild stjórnar til framkvæmdastjóra að ganga frá afsali vegna þessa.

Umræður

Ósk um heimild til framkvæmdastjóra lögð fyrir stjórn.

Samþykkt, stjórnarmenn undirrituðu umboð þar að lútandi á fundinum.

10. Skipulagsmál á Kringlusvæðinu

Fyrir fundinum lá skjalið „Kringlureitur“ til kynningar.

Stefán Sveinbjörnsson kynnti hugmyndir Reita að breyttu skipulagi á Kringlusvæðinu en þær breytingar myndu hafa mikil áhrif á starfsemi VR og aðstöðu félagsins á svæðinu.

VR hefur lagt til ákveðnar breytingar hvað þetta varðar og er málið enn í vinnslu.

Umræður

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir fór af fundi kl. 21:20.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:40.

